

Ed.

503. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1942, skal frestað, og skulu þær fara fram 12. júlí 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðuneytisins, og fylgdu því svo látandi ástæður:

Í 4. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, er svo ákveðið, að í þeim hreppum, þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru ekki búsettir í kaптúni, skuli hreppsnefndarkosningar fara fram síðasta sunnudag í júnímánuði.

Þar sem hentugra þykir, að framangreindar hreppsnefndarkosningar fari fram að afstöðnum alþingiskosningum, er svo ákveðið í frumvarpi þessu, að þær skuli fram fara sunnudaginn 12. júlí næstkomandi.